

# NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

## „Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (rafvæðing smábáta)“

Nr. S-147/2022 í samráðsgátt stjórvalda á vefnum samradsgatt.is

September 2022

### 1. PÁTTAKA

Skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is á slóðinni [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3260](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3260).

Áform um lagasetningu voru birt í samráðsgátt stjórvalda þann 17. ágúst sl. og var umsagnarfrestur til 1. september sl. Var skilgreindum hagsmunaðilum tilkynnt sérstaklega um áformin og birtingu þeirra í samráðsgáttinni.

13 umsagnir bárust á umsagnartíma, frá Bláma, Grænaflí ehf., Landssambandi smábátaeigenda, félagi smábátaeigenda á Austurlandi, ungu umhverfissinnum, Hafnarsambandi Íslands, Samorku og einstaklingum.

### 2. SJÓNARMIÐ UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

Í umsögnum koma fram sjónarmið þar sem fagnað er áformuðum breytingum á lögum sem miða að því að flýta orkuskiptum í sjávartengri starfsemi með hagrænum hvötum. Þá koma fram sjónarmið um að breytingar eigi einnig að ná til báta sem nýta rafeldsneyti og aðra græna orkugjafa. Þá koma fram sjónarmið um að tímabundna hvata sé stutt m.t.t. hagkvæmni og fyrirvari skammur fyrir fjárfestingar. Þá koma fram athugasemdir um uppbyggingu innviða bæði hafna og raforkudreifingar.

Ráðuneytið tekur fram að það er tilgangur þessara áforma að leggja til hagræna hvata að því er varðar rafvæðingu báta á strandveiðum. Um er að ræða tímabundna ívilnun. Skoðað verður í ráðuneytinu hvort lagðir verði til svipaðir hvatar fyrir aðra græna orkugjafa í frumvarpinu nú eða síðar. Hvað varðar tímabundna fellst ráðuneytið á að það beri að viðhafa úrræðið í lengri tíma en eitt fiskveiðiár svo að hvati sé til staðar fyrir fjárfestingu í rafvæddum bátum. Ráðuneytið gerir ekki ráð fyrir að á því tímabili sem áformað er að veita ívilnun verði rafvæddir bátar svo margir að það þurfti að gera sérstakar breytingar á innviðum raforkudreifingar. Hafnir eru svo misvel búnar til að bátar geti tengst rafmagni og eðlilegt að slíkir bátar séu því gerðir út frá höfnum sem geta veitt slíka þjónustu. Ekki er búist við slíkum fjölda rafvæddra báta á næstu 1-3 árum að bregðast þurfi sérstaklega við, en frekara samtal mun verða við hagsmunaðila, þ.m.t. Hafnarsamband Íslands, um þetta atriði við vinnslu frumvarps. Ekki er brugðist sérstaklega við almennum sjónarmiðum í umsögnum um breytingar á fiskveiðistjórn sem áformin nái síður til.

### **3. NÆSTU SKREF**

---

Umsagnir munu hafa áhrif á efni frumvarps sem samið verður í framhaldinu. Frumvarp til laga verður birt í samráðsgátt á síðari hluta ársins og verður hagmunaaðilum tilkynnt sérstaklega um það.